



Kópavogsbraut 58. Þinghólsskóli.


Breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
 Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 136, 6. febrúar 2023, ONE 23011596

Greinargerð: Vísao er í gildandi deiliskipulagsáætlun "Kópavogsbraut 58. Þinghólsskóli" samþykkt í bæjarstjórn 26. september 2000. Kópavogsbraut 58 er skólalóð. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem samfélagsþjónusta, S-41, Kársnesskóli við Vallargerði. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Á lóðinni er skóli 4.800m² að stærð.

Deiliskipulagsbreyting: Svæði breytingarinnar afmarkast við lóð Kópavogsbrautar 58. Tillagan felur í sér að komið verði fyrir nýjum byggingarreit um 24m x 6m að stærð fyrir lausar skólastofur á suðvestur hluta lóðarinnar, 10m vestan aðalbyggingar. 2 samtengdar skólastofur með fylgirýmum mynduðum úr alls 8 leigugámaeiningum frá Terra Einingum. Gólfkóti er áætlaður um GK=22.20 (+-0.3m. hæðakerfi ISH04). Fyrirhugaðar skólastofur munu vera á einni hæð og heildar fermetrafföldi þeirra um 144m², hámarkshæð útveggja frá gólfi mun vera um 3m. Hámarks byggingarmagn verður um 144m².

Skólastofum er ætlað að mæta skammtímáporf fyrir kennslustofur þar til nýr Kársnesskóli við Skólagerði verður tekinn í notkun. Þær verða síðan fjárlægðar aftur og skólalóð sett í fyrra horf sem malbikað leiksvæði. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Aðkoma á lóðinni í samræmi við núverandi fyrirkomulag á lóðinni. Bílastæðum verður ekki fjölgað.

Ferill máls: Á fundi skipulagsráðs nr. 136 þann 6. febrúar 2023 var lögð fram tillaga umhverfissviðs að breyttu fyrirkomulagi á lóð Kópavogsbrautar 58. Skipulagsráðs samþykkir með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhófum Kópavogsbrautar 55, 57, 59A, 59B, 59C, 59D, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 57, 68, Þinghólssbrautar 18, 20, 22, 24, 26, Vallargerðis 20, 22, 24, 25, 26 og 27.




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
 Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

Kópavogur, ____ 2023

Auður Dagný Kristinsdóttir,
 skipulagsfulltrúi


Skýringar

- Byggingarreitur
- Mörk breytinga
- Lóðamörk
- 1h Stækkun / Breytingar
- K Fjöldi hæða
- Kóti götu




Skýringarmynd: Dæmi um tvær sambyggðar skólastofur. Grunnmynd.

Mkv. 1:200




Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Sneiðing A-A

Mkv. 1:1000



Deiliskipulag: Kópavogsbraut 58. Þinghólsskóli.
 Mkv. 1:1000
 Samþykkt í bæjarstjórn 26. september 2000 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 20. nóvember 2000.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Kópavogsbraut 58. Þinghólsskóli. Mkv. 1:1000



Skýringarmynd: Loftmynd af Þinghólsskóla

Mkv. 1:2000